

Borgarráð

Tillaga um notkun á Workplace samskiptamiðlinum hjá Reykjavíkurborg

Lagt er til að Reykjavíkurborg taki Workplace samskiptamiðilinn formlega í notkun fyrir starfsmenn borgarinnar. Markmiðið er að auka og efla þverfaglega samvinnu og samstarf og skapa betri möguleika til upplýsingamiðlunar og samskipta milli starfsfólks. Verkefnið verði til reynslu í eitt ár og verði notagildi þess metið á tímabilinu og tillögur unnar um framhaldið að því loknu.

Greinargerð

Reykjavíkurborg hefur undanfarna mánuði verið með til prófunar Workplace samskiptamiðilinn sem er hannaður og rekinn af Facebook. Um er að ræða samskiptamiðil sem er byggður upp með sama hætti og Facebook, en hugsaður til notkunar fyrir stofnanir og fyrirtæki í tengslum við starfsemi þeirra. Þannig er virkni miðilsins sú sama og Facebook og boðið upp á sömu möguleika til samskipta og upplýsingamiðlunar og þar þekktist. Munurinn felst hins vegar í því að öll gögn og upplýsingar sem þar verða til og er haldið til haga eru eign viðkomandi fyrirtækis/stofnunar, aðgangi að síðum fyrirtækisins og einstaka hópum stýrt af því og gögn vistuð í samræmi við reglur um persónuvernd sem í gildi eru á EES-svæðinu.

Reykjavíkurborg hefur undanfarna mánuði verið með aðgang að samskiptamiðlinum til reynslu án þess að greiða gjald fyrir þá notkun. Boðað hefur verið að gjald verði innheimt fyrir notkun síðar á þessu ári, þó þannig að ekki verður innheimt gjald vegna notkunar starfsmanna menntastofnana á borð við leikskóla og grunnskóla. Jafnframt liggur fyrir að einungis verður innheimt vegna virkra notenda miðilsins. Hafnarfjörður hóf notkun Workplace á síðasta ári og er reynsla þeirra góð af virkni miðilsins fyrir starfsemi sveitarfélagsins. Mörg íslensk fyrirtæki hafa hafið notkun á Workplace og sömuleiðis ríkisstofnanir, þar á meðal Landspítalinn sem er einn stærsti vinnustaður landsins.

Það er mat þeirra sem fylgst hafa með notkun og virkni kerfisins á þessum tilraunatíma Reykjavíkurborgar að það bjóði upp á marga möguleika til samskipta og upplýsingamiðlunar, auðveldi þverfaglegt starf og skapi grundvöll fyrir virka upplýsingamiðlun og samstarf sérfræðinga sem starfa á starfsstöðvum um alla borg, ekki síst á velferðarsviði og skóla- og frístundasviði. Uppsetning, högun og stjórn kerfisins er einnig með þeim hætti að samskipti og upplýsingamiðlun inn á slíku lokuðu svæði fellur vel að þeirri löggjöf um persónuvernd sem nú er í gildi svo ekki sé talað um þær breytingar sem framundan eru á því sviði.

Gera má ráð fyrir að allt að eitt þúsund virkir notendur verði hjá Reykjavíkurborg, auk virkra notenda á skóla- og frístundasviði. Því má gera ráð fyrir að árlegur kostnaður verði um 2-2,5

m.kr. miðað við fulla notkun þess hóps. Lagt er til að Workplace verði formlega tekið í notkun til reynslu í eitt ár, innleiðing verkefnisins verði unnin í samvinnu rafrænnar þjónustumiðstöðvar og upplýsingatæknideildar í náinni samvinnu við öll svið borgarinnar og með aðkomu miðlægrar mannauðsdeildar. Að hálfu ári liðnu verði mat lagt á framhald verkefnisins og eftir atvikum frekari þróun þess.

Dagur B. Eggertsson